

instrumentis verði skipt milli Akrakirkju og Kolbeinsstaðakirkju eftir fólkstölu á 26  
bœjum þeim, er leggjast til hvorrar kirkjunnar um sig, að tiltölu rjettri. 13. febr.

— Umburðarbrjef biskups til allra prófesta um hjeraðsfundaskýrslur. — Af því 27  
að skýrslur þær, um gjörðir hjeraðsfunda, sem hjeraðsprófastar samkvæmt lögum um 16. febr.  
stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda 27. febr. 1880 12. grein  
eiga ár hvert að senda hingað, hafa að því leyti verið mjög mismunandi, að sumir  
prófastar skýra ítarlega frá gjörðum tjeðra funda, en aðrir minnst að eins stuttlega á  
úrslit málanna, og með því að það er nauðsynlegt, að föst regla komist á þetta og að  
áminnstar skýrslur og ályktanir hjeraðsfundanna sjeu sem orðfyllstar, vil jeg með þessu  
brjefi mínu þjónustusamlega skora á yður, herra prófastur, að senda hingað eptirleiðis  
ár hvert orðrjett og af yður staðfest eptirrit af gjörðum hjeraðsfundarins það ár í yðar  
prófastsdæmi eptir fundabókinni.

Jeg skal einnig geta þess, að þegar er að ræða um þau mál, sem sjerstaklega  
snerta einhvern söfnuð í prófastsdæminu og hjeraðsfundurinn hefir tekið ályktun um,  
þarf ákvæði sóknarnefndar þeirrar, sem hlut á að máli, að fylgja hjeraðsfundarskýrsl-  
unni, svo það sjáist, að ályktanin riði ekki í bága við vilja safnaðarins, því svo getur  
staðið á, að atkvæði safnaðarfulltrúans á hjeraðsfundinum þyki ekki taka af öll tvímæli  
í þessu tilliti, og það tefur úrskurð málsins, að verða eptir á að leita álits sóknar-  
nefndarinnar um það.

— Brjef landshöfðingja til þorvaldar kennara Thoroddsens um náttúrufræðislegar 28  
rannsóknir. — Af fje því, sem með 16. gr. fjárlaganna fyrir 1882 og 1883 er veitt til 16. febr.  
vísindalegra og verklegra fyrirtækja, hefi jeg veitt yður allt að 1000 kr. upphæð, til  
þess að ferðast um Múlasýslur og gjöra þær vísindalegu rannsóknir, er þjer ræðið um í  
brjefi yðar 10. janúar þ. á., og sömuleiðis 500 kr. til að kaupa fyrir verkfæri þau, er  
nauðsynleg eru til þessara rannsókna. En jeg vil bæta því við, að veiting þessi er því  
skilyrði bundin, að þjer á ferð þessari rannsakið nákvæmlega silfurbergsnáma þá, er  
landssjóður á í Helgustaðafjalli, og að þjer takizt á hendur að standa fyrir þeirri til-  
raun til að vinna námann, sem gjöra á í sumar komanda samkvæmt brjefi ráðgjafans  
30. maí f. á. Brjef þetta er prentað í Stjórnartíðindunum fyrir 1881, B. 66, og vil  
jeg taka fram, að tilgangurinn með þessa tilraun er sá, að kynna sjer bæði ástand  
námans sjálfs, kostnaðinn við að vinna hann, svo og um verðlag og sölu þess, er úr  
honum kann að vinnast. Um söluna og verðlagið mun það, er þörf er á, verða í ljós  
leitt í Kaupmannahöfn með aðstoð Johnstrups prófessors, og að því er til þess atriðis  
kemur, mun yðar hlutverk verða það, að sjá um, að frá hinu betra (gagnsæja) silfur-  
bergi, sem vinnast kann úr námanum, verði forsjálega gengið í kössum, og að annast  
um, að kassarnir verði sendir til Kaupmannahafnar með gufuskipinu með áskript til  
ráðgjafans og með skýrslu um, hvað í hverjum kassa er. Sjálfur námagröpturinn skal  
fram fara eptir yðar fyrirsögn, og skal svo mikið grafið, sem þjer áltíð þörf á til þess  
að komast að fastri niðurstöðu, bæði um ástand námans og um kostnaðinn við að  
vinna hann, þannig að þjer treystizt til að koma fram með ákveðna tillögu um, á hvern  
hátt þjer áltíð arðsamast fyrir landssjóðinn að vinna náma þennan. Þegar svo graptar-  
tilraun þessari er lokið, ber yður að senda mjer nákvæma skýrslu um hana ásamt til-

28 lögum yðar, er áður er á minnst og að sjá um, að náminn verði viðunanlega byrgður.  
16. febr. Um vinnufólk það, sem þjer þurfið til graptartilraunarinnar, um greiðslu daglauna handa því o. s. frv. skuluð þjer snúa yður til Tryggva alþingismanns Gunnarssonar, sem jeg hefi beðið að veita yður þá aðstoð, er þjer þurfið í þessu efni.

Þá er þjer hafið lokið öllum ferðum yðar um Múlasýslur býst jeg við að þjer sendið mjer skýrslur um þær og skrá yfir kostnaðinn við þær.

Loks vil jeg bæta því við, að eptir undirlagi yðar hefi jeg gjört ráðstöfun til þess, að þær 500 kr., sem jeg áður gat um að yður væru veittar til verkfæraakaupa, verði greiddar forstjóra veðurfæðastofnunarinnar í Kaupmannahöfn, kaptain N. Hoffmeyer.

29 — Brjef landshöfðingja til biskups um styrk til uppgjafapresta. — Í brjefi dags. í 16. febr. gær hafið þjer, herra biskup, borið þá spurning undir mig, hvort ákvæðin í fjárl. fyrir 1882 og 1883, 13. gr., A. b. 5. «til presta-ekkna og barna» útiloki fátæka uppgjafapresta frá að fá styrk af fjárveiting þessari, þar sem þeir hafi þó áður jöfnum höndum með prestaekkjum notið styrks af tilsvarandi liðum fyrri ára fjárlaga.

Út af þessu vil jeg nú þjónustusamlega tjá yður, að það er hvorttveggja, að með sjálfum orðunum í fjárl. 13. gr. A. b. 5. er hinn umgetni styrkur berlega veittur að eins ekkjum presta og börnum, enda er það og ljóst af ástæðunum fyrir 12. gr. A. b. 5. í fjárlagafrumvarpi því, er fyrir þingið var lagt, bæði að þær 2500 kr., er hjer um ræðir, eru eingöngu ætlaðar ekkjum presta og börnum, og eins hitt, fyrir hverja sök að styrkur til fátækra uppgjafapresta var ekki tekinn með undir þennan staflíð, svo sem vandi hefir til verið á eldri fjárlögum. Í þessu efni vil jeg vísa til alþingistíðindanna 1881, I, 30. bls., og bæti jeg því við, að umræðurnar um staflíð þennan á alþingi bera með sjer, að þingið hefir fallið á bæði sjálfa veitinguna og eins ástæður þær, sem hún var á byggð; og fyrir því er það skylda umboðsvaldsins að sjá um, að fullnægt verði skilyrðum þeim, sem fjárveitingin er bundin, og það þótt eigi sje þau skilyrði beinlínis tekin fram í sjálfum fjárlögum. Sbr. Alþingistíð. 1881, I, 24. bls. og víðar.

30 — Brjef landshöfðingja til biskups um styrk til prestaekkna. — Samkvæmt tillög-  
20. febr. um yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi frá 18. þ. m. fellst jeg á, að 2500 kr. þeim, sem veittar eru til prestaekkna og barna fyrir yfirstandandi ár með 13. gr. A. b. 5. fjárlaganna fyrir 1882 og 1883 verði skipt meðal neðan nefndra prestaekkna þannig að

1. Kristín Gunnarsdóttir á Hofi í Vopnafirði . . . fái 80 kr.
2. Guðlaug Guttormsdóttir á Arnheiðarstöðum . . . — 30 —
3. Helga Guðmundsdóttir á Streitir . . . — 40 —
4. Þorbjörg Jónsdóttir á Eskafirði . . . — 60 —
5. Björg Magnúsdóttir á Seyðisfirði . . . — 40 —
6. Oddný Fr. Pálsdóttir á Bruna . . . — 60 —
7. Jóhanna A. Lúdvíksdóttir í Reykjavík . . . — 50 —
8. Guðrún Pjetursdóttir á Felli . . . — 40 —
9. Guðrún Ingvarsdóttir á Gularós . . . — 50 —

flýtt 450 —